

Skólaráð

Fundur fimmtudaginn 11. mars 2021 kl. 15:00

Mættir: Jón Ragnar fulltrúi foreldra, Kristjana fulltrúi foreldra, Elsa fulltrúi grendarsamfélagsins, Anna Kristin fulltrúi nemenda, Rannveig fulltrúi nemenda, Bryndís fulltrúi kennara, Guðrún fulltrúi kennara, Sigurdís fulltrúi starfsfólks, Guðjón Árni aðstoðarskólalastjóri og Eva Björk skólalastjóri.

1. Skóladagatal 2021 - 2022

Eva Björk skólalastjóri lagði fyrir ráðið skóladagatal skólaársins 2021-2022. Farið var yfir starfsdaga, skerta nemendadaga, vetrarfrí, vorhátíð og fyrirhugaða námsferð starfsfólks skólans. Sagt var frá kosningu á meðal starfsfólk hvort halda ætti vorhátíð áfram á uppstigningardeg. Meirihluti starfsfólks vildi halda vorhátíðinni óbreyttri. Skóladagatalið var samþykkt.

2. Árshátíð

Eva Björk sagði frá því að nemendur eru á fullu að æfa árshátíðaratriði. Árshátíð nemenda verður 24. og 25. mars. Óvíst er hvort foreldrar geta komið og horft á en það fer allt eftir reglugerð vegna Covid 19. Ef foreldrar geta ekki komið verður árshátíðinni streymt eða hún tekin upp. Ný reglugerð er væntanleg 17. mars og verður tekin ákvörðun þá.

3. Nýbygging

Nýbyggingin er á áætlun og á að vera tilbúin fyrir næsta skólaár. Þá er verið að tala um að taka í notkun 2 kennslustofur á neðri hæð og eina minni stofu. Gert er ráð fyrir smíða- og textílstofu á neðri hæð en óljóst er hvenær þær verða teknar í notkun. Stjórnendur vilja pressa á að taka þær í nokun í lok árs vegna rakaskemmda á núverandi stað.

4. Gamla álmán

Efla tók út gömlu álmuna síðasta sumar og komu í ljós rakaskemmdir og mygla. Húsnæðið var lokað í ágúst. Staðan núna er sú að það er búið að hreinsa allt út. Fyrirhugað er að klæða húsið að utan og skipta um þak á milli bygginu. Eftir það veður farið í uppbyggingu inni. Samkvæmt byggingafulltrúa verður húsnæðið klárt fyrir næsta skólaár.

5. Áætlanir

Stjórnendur hafa verið að fara yfir áætlanir og nú eru komnar inn tvær nýjar áætlanir á heimasíðuna. Viðbragðsáætlun vegna hættuástands og viðbrögð við jarðskjálfta. Kennarar hafa farið yfir með nemendum viðbrögð við jarðskjálfta. Nú er mikill órói í jarðvegi á Reykjanesi og því mikilvægt að hafa viðbrögð á hreinu.

6. Önnur mál

Kristjana og Jón Ragnar sögðu frá því að foreldrafélagið hafi beytt sér fyrir að fá Dale Carnegie námskeið fyrir nemendur. Suðurnesjabær tók vel í hugmyndina og fékk námskeiðið fyrir nemendur Suðurnesjabæjar. Námskeiðið var niðurgreitt um 50% og gátu þeir nýtt sér frístundastyrk. Ekki hefur náðst að funda í foreldrafélaginu vegna Covid 19.

Fundi slitið kl. 16:00